

REGLUR

um breytingu á reglum um sérfræðileyfi tannlækna nr. 402/1986 með síðari breytingum.

1. gr.

Við 1. gr. bætist við nýr tölul. sem verður 10. tölul. og orðast svo:
10. samfélagstannlækningum.

2. gr.

II. tölul. 5. gr. orðast svo:

- a) Sérnáam í tannlækningum skal eigi taka skemmri tíma en fulla 30 námsmánuði.
- b) Umsækjandi um sérfræðileyfi skal hafa stundað sérnáam við viðurkennda menntastofnun og skal hafa lokið námi og uppfyllt þær kröfur, sem gerðar eru á hverjum tíma við viðkomandi stofnun. Að öllu jöfnu skal sérnáam vera a.m.k. 10 námsmánuðir á hverjum stað.

Hafi umsækjandi lokið 20 námsmánaða sérnámi er heimilt að taka til greina til viðbótar 10 námsmánaða nám eða störf í sérgrein við sömu eða aðrar viðurkenndar menntastofnanir eða hjá viðurkenndum sérfræðingi í greininni, en þó ekki skemur en 3 námsmánuði á hverjum stað.

3. gr.

VI. tölul. 5. gr. orðast svo:

Umsækjandi um sérfræðileyfi skv. 1. gr. í samfélagstannlækningum og sýklafræði skal leggja fram ritgerðir, tvær eða fleiri, sem birst hafa í viðurkenndu sérfræðitímariti.

4. gr.

Reglur þessar eru settar með stoð í 5. gr. laga nr. 38/1985, um tannlækningar og öðlast gildi nú þegar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 26. febrúar 2001.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.